

Fjögur lykilatriði í bataferlinu

Von

Að finna og viðhalda von eykur trú á eigin getu, jákvæðni gagnvart framtíðinni og styður þjónustubegann til sjálfshjálpar.

Endurmat

Að skapa jákvæða sjálfsmynd felur í sér jákvæða sýn á eigin getu þrátt fyrir geðröskun.

Uppbygging

Að skilja röskun sína, finna tilgang með lífinu og vera þátttakandi í því, þrátt fyrir geðröskun, eykur líkur á þýðingarmeira lífi.

Ábyrgð

Að hafa stjórn á geðröskun sinni og taka ábyrgð á eigin lífi aðstoðar þjónustubegann í bataferli sínu.

Gildi Landspítalans

Umhyggja – Fagmennska – Öryggi – Framþróun

Starfsfólk á geðsviði Landspítalans

Eru leiðbeinendur fremur en valdhafar. Samband starfsfólks og þjónustubega byggir á trausti, einlægni og heiðarleika.

Getur veitt faglega aðstoð og þekkingu ásamt því að læra af og vinna með þjónustubeganum sem er sérfræðingur í eigin lífi.

Veitir þjónustubeganum bjargir til að taka ábyrgð á eigin lífi með réttum upplýsingum, hæfileikum, tengslaneti og stuðningi.

Hvetur til þess að unnið sé út frá raunhæfri nálgun og hefur von að leiðarljósi.

BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

EF FREKARI UPPLÝSINGA ER ÓSKAÐ ER HÆGT AÐ SENDA TÖLVUPÓST Á:
BATI@LANDSPITALI.IS

VEFSLÓÐIR:
[HTTP://WWW.LANDSPITALI.IS/BATASTEFNA](http://www.landspitali.is/batastefna)
 FACEBOOKSÍÐA: BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA Á GEÐSVIÐI LANDSPÍTALANS.

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI , 1. ÚTG. APRÍL 2013

HÖFUNDUR:
 ANNA GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
 ERNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR:
 MARGRÉT ÓFEIGSDÓTTIR

HÖNNUN:
 KYNNINGARMÁL LSH/ÁC

Batamiðuð þjónusta

Framtíðarsýn - Gildi - Stefna



Upphaf batamiðaðar þjónustu

- Kemur frá samtökum þjónustuþega sem höfðu skoðanir á því hvernig meðferð þeirra færi fram.
- Varð til þess að möguleikar þjónustuþega með geðröskun á að lifa þýðingarmiklu lífi jukust og áhersla lögð á réttindi þeirra.
- Var upphaflega þrýstihópur þjónustuþega sem barðist fyrir réttindum sínum.

Framtíðarsýn

- Að vinna samkvæmt batamiðaðri þjónustu þar sem starfsfólk aðstoðar þjónustuþegann í leit sinni að bata.
- Að styðja við jákvæða sjálfsmynd þjónustuþegans og skapa von um betra líf. Áhersla er lögð á sjálfsákvæðanatöku, sjálfstjórn og getu þjónustuþegans til að lifa þýðingarmiklu lífi á eigin forsendum.

Stefna

- Að vinna að því að draga úr geðrænum einkennum og auka lífsgæði.
- Að þjónustuþeginn sé sérfræðingur í eigin lífi.
- Að starfsfólk leiðbeini og styðji þjónustuþegann í átt að settum markmiðum.
- Að þjónustuþegi sé hluti af teyminu en ekki fyrir utan það.
- Að viðhalda og efla von þjónustuþegans um að starfsfólk styðji við gildi hans, styrkleika og markmið.
- Að þjónustuþeginn taki ábyrgð á eigin meðferð, finni styrkleika sína og setji sér markmið.

Gildi

Hvatning – Samvinna – Virðing



Meginreglur batamiðaðar þjónustu

- Að byggja upp þýðingarmikið og ánægjulegt líf eins og þjónustuþeginn sjálfur skilgreinir það, hvort sem um ræðir virk einkenni geðrænna vanda eða einkenni í rénun.
- Tengist ekki sjúkdómafræði, veikindum, einkennum eða heilsu.
- Þegar unnið er að bata er vonin mikilvæg og að þjónustuþeginn sjái að hann geti haft meiri stjórn á eigin lífi og sjái hvernig aðrir hafa fundið leiðina að bata.

- Þjónustuþeginn er studdur til sjálfshjálpar og getur ferlið verið misumandi á milli þeirra. Engin ein leið hentar fyrir alla.
- Sambandið á milli starfsfólks og þjónustuþegans fer úr því að vera sérfræðingur/sjúklingur í að taka höndum saman og vinna að sameiginlegu markmiði. Starfsfólkið er til staðar og hvetur áfram en stjórnar ekki.
- Þjónustuþegi nær ekki bata í félagslegri einangrun. Bataferlið tengist félagslegri virkni og að geta tekið við þýðingarmiklum félagslegum hlutverkum innan samfélagsins frekar en á aðskildum stofnunum.
- Hluti af því að ná bata er að finna aftur innra sjálfið, aðskilt sjúkdómi eða fötlun.
- Tilgangur með batasögum er að hafa uppbyggjandi áhrif á batann og virka sem sáttasemjari innan bataferlisins.
- Persónulegir þættir starfsmannsins eru jafn mikilvægir og faglegu þættirnir. Starfsfólk þarf að styðja þjónustuþegann í að finna von, sköpunargáfu, samúð, raunsæi og seiglu.
- Fjölskyldumeðlimir og aðrir aðstandendur eru mikilvægir er kemur að bata og á að leyfa þeim að taka þátt hvenær sem tækifæri gefst. Einnig getur reynst mikilvægt fyrir marga þjónustuþega að fá jafningjastuðning.